

Nr. 43/1998.

Fimmtudaginn 29. janúar 1998.

**Þorsteinn Óskarsson og
Guðmundur Sævar Lárusson**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

gegn

**Arnari Kristjánssyni
Gísla Jóni Kristjánssyni og
Nökkva sf.**

(enginn)

Kærumál. Vanreifun. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 5. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfur þeirra til efnislegrar meðferðar. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefjast sóknaraðilar bóta vegna verðmætis viðbótaraflahlutdeildar, sem hafi við afnám svokallaðrar línutvöföldunar verið úthlutað skipinu Kolbrúnu, ÍS 74, í ágúst 1996, en það seldu sóknaraðilar varnaraðilanum Nökkva sf. 27. mars 1995 með áskilnaði um, að veiðiheimildir fylgdu ekki við sölu. Telja sóknaraðilar til réttar yfir viðbótaraflahlutdeildinni, en í því sambandi vísa þeir meðal annars til þess, að hún hafi verið ákveðin með tilliti til veiðireynslu skipsins frá þeim tíma, sem það var í þeirra eigu. Í hinum kærða úrskurði er talið, að upplýsingar vanti í málinu um viðbótaraflahlutdeild, sem var úthlutað nýju skipi sóknaraðila við afnám línutvöföldunar, hvernig sú aflahlutdeild var fundin og hverju hefði þar munað, ef hún hefði verið reiknuð eftir veiðireynslu á eldra skipi

sóknaraðila, þegar það var enn í eigu þeirra. Taldi héraðsdómari þennan skort á upplýsingum valda því, að ekki væru skilyrði til að fjalla um fjárkröfur sóknaraðila, og vísaði hann því málinu sjálfkrafa frá dómi.

Hafi verið þörf á þeim upplýsingum, sem að framan er getið, átti héraðsdómari kost á að beina til aðila að afla þeirra eftir dómtöku málsins með þeim hætti, sem um ræðir í 104. gr. laga nr. 91/1991. Voru þannig ekki efni til að vísa málinu frá dómi af þessum sökum. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1997.

Ár 1997, þriðjudag 23. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-515/1997: Þorsteinn Óskarsson og Guðmundur Sævar Lárusson gegn Arnari Kristjánssyni og Gísla Jóni Kristjánssyni persónulega og vegna sameignarfélags þeirra, Nökkva sf., sem dómtekið var 29. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnendur eru Þorsteinn Óskarsson, Mánagötu 7, Grindavík, kt. 261145-3169, og Guðmundur Sævar Lárusson, Staðarhrauni 7, Grindavík, kt. 170738-4629, en stefndu eru Arnar Kristjánsson, Góuholti 8, Ísafirði, kt. 010350-4769, og Gísli Jón Kristjánsson, Hlíðarvegi 3, Ísafirði, kt. 180762-4779, og sameignarfélagið Nökkvi, Góuholti 8, Ísafirði, kt. 510584-0239.

Umboðsmaður stefnenda er Ásgeir Björnsson hdl., en umboðsmaður stefndu Björn Jóhannesson hdl.

I. Dómkreöfur.

1. Stefnendur krefjast þess aðallega að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim 4.741.280 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. 9. 1996 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 4.221.275 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 19. febrúar 1997.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 4.131.640 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 1. 10. 1997.

Pá er krafist 493.573 kr. í málskostnað að meðtöldu þingfestingargjaldi, birtingarkostnaði og virðisaukaskatti auk vaxta frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Loks er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfu og málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

2. Stefndu krefjast þess að verða alsýknaðir af kröfum stefnenda í málinu. Pá er þess krafist, að stefnendum verði gert að greiða málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi, sem nemur með útlögðum kostnaði 219.300 kr. og beri vexti frá uppkvaðningu dóms.

II. Málavextir.

Báðir málsaðilar hafa stundað útgerð á eigin bátum um margra ára skeið. Stefndur stunduðu útgerð sína frá Grindavík og gerðu m. a. út á línuveiðar og veiddu bæði þorsk og ýsu, en þær veiðar voru takmarkaðar og bundnar heimildum laga nr. 38/1990 um stjórn ýsuveiða og reglugerða, sem gefnar hafa verið út á grundvelli þessara laga. Í 6. mgr. 10. gr. laganna voru ákvæði um, að fiskur, veiddur á línu í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar, skyldi aðeins að hálfu talinn til aflamarks, þar til sameiginlegur línuafli af þorski og ýsu hefði náð ákveðnum tonnafjölda af óslægðum fiski. Þetta var svokölluð línutvöföldun, sem þýddi, að fyrir hver tvö kíló af þorski eða ýsu, sem menn veiddu þessa mánuði, kom aðeins eitt kíló til frádráttar úthlutuðu aflamarki. Þessi regla gildi í byrjun árs 1995, er stefndur ákváðu að kaupa sér stærri og hentugri bát til að stunda á veiðar sínar og selja bát sinn, mb. Sandvík, GK-325, skipaskrárnúmer 1073, sem þeir höfðu notað til veiðanna.

Stefndu höfðu stundað hefðbundnar veiðar frá Ísafirði, þ. e. línuveiðar, togveiðar, netaveiðar, hörpudisksveiðar og dragnótaveiðar. Í janúar 1995 seldu stefndu eða Nökkvi sf. bátinn Kolbrúnu, ÍS-74, skipaskrárnúmer 0923, til Keflavíkur, og var hugmynd þeirra að kaupa minni bát, sem væri hagkvæmari í rekstri. Í febrúar 1995 hafði stefndi Arnar fengið vitneskju um, að báturinn Sandvík, GK-325, skipaskrárnúmer 1073, væri hugsanlega til sölu. Stefndi Arnar hafði þá haft samband við stefnanda Þorstein Óskarsson og falaðist eftir því að fá bátinn keyptan, en Arnari var kunnugt um, að stefndur voru á þessum tíma að leita eftir kaupum á bátum Tálkna, GK-540(853), af Olúfélaginu hf. og Lífeyrissjóði Vestfirðinga, og höfðu þeir svo fest kaup á þeim bát. Samningar höfðu hins vegar tekist milli máls-

aðila 27. mars 1995 um kaup stefndu á mb. Sandvík, GK-325, af stefnendum, en eftir kaupin var nafni bátsins breytt í Kolbrúnu, ÍS-74. Í samningaviðræðum hafði komið fram, að stefnendur teldu sig geta nýtt töluvert af búnaði bátsins í Tálkna, GK-540, svo sem útbúnað til netaveiða, dráttarkapal, netaúllu, línuspil, troll og hlera. Höfðu stefndu samþykkt, að þessi veiðarfæri og búnaður fylgdu ekki með í kaupunum, en fram kom í aðilaskýrslu stefnda Arnars, að stefndu hefðu átt þennan búnað vegna fyrri veiða og því ekki verið í mun, að þessi búnaður fylgdi með. Þá kom fram hjá stefndu, að við ákvörðun kaupverðs bátsins hefði verið höfð hliðsjón af úreldingarverðmæti hans auk verðmætis þess búnaðar, sem unnt hefði verið að nýta úr bátnum, ef til úreldingar hefði komið.

Kaupsamningur var gerður 27. mars 1995, og var kaupverðið 10.200.000 kr., sem skyldi að fullu greitt 1. júní 1995, og skyldi afhenda bátinn við undirritun samningsins, sem og var gert. Í kaupsamningi var tekið fram, að veiðiheilmildir skipsins fylgdu ekki með við söluna, en jafnframt, að kaupandi, Nökkvi sf., skuldbyndi sig til þess að færa á bátinn veiðiheilmildir, til að Fiskveiðasjóður samþykkti yfirtöku áhvílandi láns.

Afsal var svo gefið út fyrir 22. september 1995, og kváðu stefndu það staðfesta, að aðilar hefðu efnt samningsskyldur sínar, þ. á m., að stefndu hefðu greitt kaupverðið og fært aflahlutdeild á bátinn, en eftir afhendingu hefði bátnum verið haldið til veiða á grundvelli þess veiðileyfis, sem báturinn hefði haft, og aflahlutdeildarinnar, sem færð hefði verið á bátinn af stefndu.

Með lögum nr. 105/1996, 6. gr., var gerð sú breyting á lögum um stjórn fiskveiða, að ofangreind línutvöföldun var afnumin. Þar með féll niður sá réttur, að fyrir hver tvö kíló, sem menn veiddu af þorski eða ýsu mánuðina nóvember, desember, janúar og febrúar, kæmi aðeins eitt til frádráttar aflamarki.

Til að bæta upp þá skerðingu, er af þessu hlaust, var með grein II í ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 105/1996 ákveðið að reikna sérstaka viðbótar aflahlutdeild til handa skipum, sem stundað höfðu línuveiðar nefnda mánuði fiskveiðiárin 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996. Samkvæmt lagagreininni skal samanlögð viðbótar aflahlutdeild þessara skipa vera jöfn hlutfallinu milli 30 af hundraði línuaflla þeirra á þessum þremur árum í framangreindum mánuðum á sömu árum hins vegar. Skyldi aflahlutdeildin endurreiknuð að teknu tilliti til þessa. Þá sagði í 2. mgr. II. ákvæðis laganna, að viðbótarhlutdeild línuskipa af hvorri tegund skv. 1. mgr. skyldi skiptast milli þeirra í hlutfalli við þann afla af tegundinni, sem ekki teldist til aflamarks vegna reglna um línutvöföldun á tveimur bestu af framangreindum þremur fiskveiðiárum.

Við upphaf fiskveiðiárs 1996/1997 var ofangreindri viðbótarúthlutun svo úthlutað til einstakra skipa í samræmi við ofangreint lagaákvæði, og var hinu selda skipi, Sandvík, GK, sem hafði skipt um nafn og hlotið nafnið Kolbrún, ÍS-74, skskrn. 1073, úthlutað 0,0053560% aflahlutdeild af þorski og 0,0040267% af ýsu til að bæta upp afnám línutvöföldunarinnar.

Stefnendur sneru sér strax til stefndu með kröfu um, að þeim yrði skilað ofangreindri aflahlutdeild í samræmi við efni kaupsamnings, enda styddist úthlutun þessi algerlega við þá reynslu, er stefndu hefðu aflað skipinu, þ. e., að veiðiheimildir þessar væru að öllu leyti til komnar á eignarhaldstíma þeirra á skipinu. Stefndu hefðu ekki orðið við tilmælum stefnenda um að afhenda þeim aflahlutdeildina, er bátnum var úthlutað, vegna afnáms línutvöföldunar, eða ella að greiða markaðsvirði þessara aflahlutdeilda, og var stefnendum tilkynnt þetta með bréfi lögmanns stefndu, dags. 25. október 1996. Stefnendur töldu annmarka á því að fá dóm á hendur stefndu til yfirfærslu aflahlutdeildar, og er því af formsástæðum krafist efndabóta í formi fjárkröfu, en til að staðreyna verðmæti aflahlutdeildarinnar var dómkvaddur Pétur Örn Sverrisson hdl., og er matsgerð hans, sem töluleg kröfugerð í málinu er reist á, á þann veg, að þiðurstöðum:

A. Verðmæti 0,0053560 aflahlutdeildar (aflamark 6648 kg) af þorski:

1. Við upphaf fiskveiðiársins 1996–1997	kr.	4.520.640
2. 1. október 1996	–	3.855.840
3. Við dagsetningu matsgerðar 19. febrúar 1997	–	3.855.840

B. Verðmæti 0,0040267% aflahlutdeildar (aflamark 1379 kg) af ýsu:

1. Við upphaf fiskveiðiársins 1996–1997	–	220.640
2. 1. október 1996	–	275.800
3. Við dagsetningu matsgerðar 19. febrúar 1997	–	365.435

III. Málsástæður, lagarök og útlitun stefnenda.

A. Ákvæði kaupsamnings.

Stefnendur styðja kröfur sínar einkanlega skýru ákvæði í kaupsamningi þess efnis, að hið selda skip seljist án veiðiheimilda, en ákvæði þetta hljóðar svo: „Veiðiheimildir fylgja ekki við sölu þessa.“ Halda stefnendur því fram, að túlka beri orðið „veiðiheimildir“, sem fram kemur í kaupsamningi, þannig, að þær nái til þeirrar reynslu, er ávannst á skipið fyrir kaupsamningsdag, og þess vegna þeirrar aflahlutdeildar, er sú reynsla veiti. Miða stefnendur þannig við almennar reglur samninga- og kauparéttar þess efnis,

að mönnum beri að efna samninga og skuldbindingar á þann hátt, sem um sé samið, þ. e. á grundvelli tilgangs og ætlanar aðila og hugmynda við samningsgerð. Stefnendur fullyrða, að aldrei hafi verið ætlunin að selja aflaheimildir, aflahlutdeild eða aflareynslu með skipinu, enda séu stefnendur sjálfir á þorski- og ýsuveiðum og nauðsynlegt fyrir þá að nýta sjálfir þá reynslu, er þeir hafi áunnið skipum sínum. Þetta hafi stefndu verið ljóst við samningsgerð, enda hafi ætlun þeirra ekki verið sú að kaupa aflaheimildir, heldur skip eingöngu.

Stefnendur benda á, að það hafi verið forsenda, að engar aflaheimildir fylgdu með í sölnunni. Þótt lög nr. 105/1996 hafi ekki verið til orðin, þá er kaup voru gerð, sé ljóst, að sú reynsla og þau réttindi, er þau lög veita, voru til orðin við kaupsamning. Þannig hafi stefnendur áunnið hinu selda skipi reynslu, sem á grundvelli fyrrnefndra laga og reglugerðar, – virki þau réttindi, er um var samið, – fylgdu ekki með í sölnunni.

B. 36. gr. l. nr. 7/1936.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að ekki verði miðað við umrætt samningsákvæði samkvæmt beinu orðalagi þess, halda stefnendur því fram, að beita beri 36. gr. l. nr. 7/1936 á þann hátt, að umrætt samningsákvæði taki til þeirrar aflahlutdeildar, er hinn seldi bátur fékk úthlutað samkvæmt þeirri aflareynslu, er stefnendur áunnu skipinu, þ. e. 0,0053560% aflahlutdeild af þorski og 0,0040267% af ýsu, með því að vegna atvika, er síðar komu til, sé ósanngjarnt, að umrædd aflahlutdeild falli í hlut stefndu án greiðslu, þ. e., að stefndu beri að greiða stefnendum andvirði þeirra aflahlutdeilda, er þannig skv. ofansögðu var úthlutað á hið selda skip. Um rökstuðning fyrir beitingu 36. gr. l. nr. 7/1936 að öðru leyti er nánar vísað til þess, er fyrr segir.

Stefnendur vísa máli sínu til stuðnings til dóms í héraðsdómsmálinu E-1617/1993, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjaness 1. 7. 1994, sem og hæstaréttardómsins nr. 401/1994, sem kveðinn var upp 18. janúar 1996.

Útlutun stefnukrafna.

Aðalkrafa um greiðslu 4.741.280 kr. miðist við verðmæti 0,0053560% aflahlutdeildar af þorski og 0,0040267% af ýsu við upphaf fiskveiðiárs 1996/1997, þegar úthlutun þessara hlutdeilda fór fram. Samkvæmt mati dómkvadds matsmanns var verðmæti 0,0053560% aflahlutdeildar af þorski þá 4.520.640 kr. og verðmæti 0,0040267% aflahlutdeildar af ýsu þá 220.640 kr., samtals 4.741.280 kr.

Krafa um dráttarvexti og vaxtavexti sé reist á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, en krafan um málskostnað á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV. Málsástæður og lagarök stefndu.

Krafa stefndu um sýknu er einkum studd því, að stefnendur eigi engar fjárkröfur á hendur stefndu. Því sé eindregið mótmælt, að stefndu hafi ekki fengist til að efna kaupsamninginn frá 27. mars 1995. Fullyrðingum stefnenda í stefnu um, að stefndu hafi neitað að fullnægja ákvæðum kaupsamningsins, sé mótmælt sem röngum. Hið rétta sé, að stefndu hafa að öllu leyti staðið við ákvæði kaupsamningsins, og því til staðfestingar hafi stefnendur gefið út afsal til handa stefnda Nökkva sf. 22. september 1995, sbr. dskj. nr. 4. Afsalið sé staðfesting þess, að kaupendur hafi orðið við ákvæðum kaupsamningsins og kaupsamningurinn verið efndur.

Fyrir liggi, að stefndi Nökkvi sf. keypti bátinn Sandvík, GK-325(1073), 27. mars 1995, og hafi Nökkvi sf. fengið bátinn afhentan sama dag. Lögskipti aðila vegna kaupanna miðist því við þann dag. Afsal fyrir bátnum hafi verið gefið út 22. september 1995, eftir að báðir samningsaðilar höfðu fullnægt samningsskyldum sínum samkvæmt fyrirnefndum kaupsamningi, en ef svo hefði ekki verið, hefði afsalið ekki verið gefið út. Í kaupsamningi og afsali standi, að veiðiheimildir fylgi ekki með við söluna. Við kaupin hafi ekki verið sérstaklega rætt um, við hvað væri nákvæmlega átt, þegar talað væri um veiðiheimildir bátsins í samningi aðila, en óumdeilt er, að átt sé við þá aflahlutdeild, er báturinn hafði við söluna, en ekki væri átt við veiðileyfi bátsins samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/1990.

Þegar kaupin voru gerð, voru í gildi lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Samkvæmt 6. mgr. 10. gr. laganna væri fiskur, veiddur á línu í mánuðunum nóvember – febrúar, aðeins að hálfu talinn til aflamarks, þar til sameiginlegur línuafli hefði náð ákveðnum tonnafjölda af óslægðum fiski. Með lögum nr. 105/1996, er tóku gildi 1. september 1996, tæpu einu og hálfu ári eftir að kaupsamningur málsaðila var gerður, hafi verið gerð breyting á lögum nr. 38/1990, þegar línutvöföldunin var afnumin og þeim skipum, sem stundað höfðu línuveiðar, var úthlutað sérstakri viðbótarafhlutdeild til að koma til móts við þessa skerðingu, og reynt með því að gera afkomumöguleika þeirra sem líkasta og þeir voru, meðan línutvöföldunin var í gildi.

Þar sem stefndi hafi keypt bátinn Sandvík, GK-325, með veiðileyfi samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/1990, telji stefndi, að hann hafi jafnframt verið að kaupa þá aflareynslu, sem báturinn hafði áunnið sér í tíð fyrri eigenda, ef til þess kæmi, að hún yrði notuð sem viðmiðun við úthlutun aflamarks. Frá því að kvótakerfið hafi verið tekið upp árið 1984, hafi framkvæmdin verið þannig, að aflareynsla hefði fylgt veiðileyfi báts, nema annað hafi skýrlega verið tekið fram í kaupsamningi. Þetta hafi öllum samningsaðilum verið

fullljóst, enda allir starfað um árabíl við útgerð og gert út eigin fiskiskip. Því sé með öllu mótmælt, er fram komi í stefnu, að skýra beri ákvæði kaupsamnings aðila þannig, að í hlut stefnenda hafi átt að falla aflareynsla bátsins á eignarhaldstíma stefnenda, ef til þess kæmi, að slík reynsla yrði notuð til grundvallar úthlutun aflahlutdeildar, og að öllum samningsaðilum hafi verið þetta ljóst, eins og fullyrt sé í stefnu.

Stefndu bendi á, að talsverðar umræður hafi orðið á þessum tíma og fyrr um afnám svokallaðrar línutvöföldunar og öllum verið það ljóst. Í því sambandi megi m. a. benda á, að 19. maí 1993 hafi hin svokallaða „tvíhöfðanefnd“ skilað álit, en hlutverk nefndarinnar hafi verið að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Ein af tillögum nefndarinnar hafi verið að afnema línutvöföldunina. Tillögur nefndarinnar hafi verið ýtarlega kynntar í fjölmiðlum og á opnum fundum í öllum kjördæmum landsins, svo að þær voru öllum ljósar. Með lögum nr. 87/1994 hafi verið gerðar umtalsverðar breytingar á reglum um línuveiðar, þegar línutvöföldunin hafi verið takmörkuð við 34.000 tonn. Með frumvarpi til þessara laga hafi fylgt skýrsla „tvíhöfðanefndarinnar“ sem fylgiskjal. Þá liggi það einnig fyrir, að á aðalfundi LÍÚ 1993 hafi verið lögð fram tillaga, þar sem skorað var á stjórnvöld að afnema línutvöföldunina. Öllum aðilum máls þessa hafi hlotið að vera það ljóst, að hér væri um umdeilt ákvæði að ræða, sem gæti tekið breytingum eins og svo margt annað í lögum um stjórn fiskveiða, þar sem kvótakerfið sé mjög umdeilt og í sífelldri endurskoðun og taki sífelldum breytingum frá ári til árs.

Því sé mótmælt, að stefndu hafi fellt á sig skaðabótaábyrgð með því að hafna þeim tilmælum stefnenda að flytja umræddar aflaheimildir, er sú krafa kom fram í bréfi lögmanns stefnenda, dags. 16. september 1996. Hvorki í kaupsamningi né í afsali sé kveðið á um það, að stefnendur hafi áskilið sér rétt til þeirra aflaheimilda, sem kynni að verða úthlutað á bátinn á grundvelli aflareynslu, frá því að báturinn var í þeirra eigu. Ef svo hefði verið, hefði þeim verið í lófa lagið að kveða á um slíkt í kaupsamningi, en slíkt hafi ekki verið gert.

Óumdeilt sé, að stefndi keypti bátinn með veiðileyfi skv. 4. gr. laga nr. 38/1990 og mátti því stunda veiðar í atvinnuskyni á grundvelli laga nr. 38/1990 með þeim takmörkunum, er löginn kváðu á um. Á grundvelli laganna hafði bátnum verið úthlutað aflahlutdeild, þar sem tekið var tillit til aflareynslu síðustu veiðitímabíla. Stefndi gat nýtt sér þágildandi ákvæði laga um línutvöföldun, þegar hann festi kaup á bátnum í mars 1995. Þar sem lengi hafði farið fram opinber umræða um afnám línutvöföldunar, máttu samningsaðilar vita, að breytingar gátu orðið þar á. Samningsaðilum hafi einnig verið ljóst, að lög um stjórn fiskveiða hafa tekið örum breytingum, og hafi að-

ilar því verið í nokkurri óvissu um framtíð línutvöföldunar, þegar kaupin gerðust. Á sama tíma hafi stefnendur fest kaup á bát og væntanlega fengið með sama hætti úthlutað á hann viðbótaraflahlutdeild vegna afnáms línutvöföldunar.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990 segi, að við eigendaskipti að fiskiskipi fylgi aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1990. Ákvæði 2. mgr. 11. gr. laganna verði ekki skilið á annan veg en þann, að átt sé við þá aflahlutdeild, sem fylgi skipum við sölu þeirra, en ekki væntanlega aflahlutdeild, nema þess sé sérstaklega getið í kaupsamningi. Í kaupsamningi aðila á dskj. nr. 3 komi fram, að kaupandi beri alla skatta og skyldur af bátnum frá afhendingardegi og hirði þá væntanlega arð af honum frá sama tíma. Í 18. gr. kaupalaga nr. 38/1922 komi skýrt fram, að þann arð eða ábata, sem af seldum hlut fæst, eftir að afhendingartími er kominn, eignist kaupandi, en seljandi fram að afhendingartíma, nema um annað sé samið. Ef ætlun seljenda hafi verið sú, að aflahlutdeild, sem bátnum Sandvík, GK, kynni að verða úthlutað eftir kaupin í samræmi við þá veiðireynslu, er báturinn hafði aflað sér í línutvöföldun, rynni til seljenda, hafi seljendum borið að kveða á um það í kaupsamningi aðila. Það hafi ekki verið gert, og hafi kaupsamningur verið efndur að öllu leyti af hálfu beggja aðila og afsal gefið út því til staðfestingar.

Um tilvísun stefnenda til 36. gr. laga nr. 7/1936 sé því til að svara, að ekki verði séð, að sú lagagrein eigi hér við. Seljendur hafi leitað sér faglegrar aðstoðar við gerð kaupsamnings og fengið löggiltan skipa- og fasteignasala til að annast söluna. Engin atvik við samningsgerðina sjálfa gefi tilefni til að víkja samningnum til hliðar eða breyta honum. Þá sé rétt að benda á, að það er beinlínis í samræmi við lög og reglugerðir, að viðbótaraflahlutdeild vegna afnáms línutvöföldunar skuli renna til stefndu.

Stefndu vísi máli sínu til stuðnings til nýlegs dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 11. júní 1997 í málinu nr. B-238/1997.

Um lagarök sé vísað til laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, einkum laga nr. 105/1996; þá sé einnig vísað til laga nr. 39/1922, einkum 18. gr. þeirra laga.

V. Sönnunarfærsla.

Fyrir stefnendur gaf aðilaskýrslu Þorsteinn Óskarsson, Mánagötu 7, Grindavík, kt. 261145-3169, en fyrir stefndu Arnar Kristjánsson, Góuholti 8, Ísafirði, kt. 010350-4769, en vitni báru Pétur Örn Sverrisson hdl., Grenimel 33, Reykjavík, kt. 140369-4549, sem staðfesti matsgerð sína, og Halldór

Halldórsson framkvæmdastjóri, Hafraholti 38, Ísafirði, kt. 250764-4059, sem gengið hefði frá kaupsamningi og afsali um sölu bátsins.

Þorsteinn Óskarsson staðfesti, að málavaxtalýsing í stefnu væri rétt. Hann kvað það ekki hafa verið ætlun stefnenda að selja aflaheimildir með bátnum né réttindi til aflaheimilda. Hann kvað þá hafa keypt stærri bát, og því hafi þeir ekki þurft að nota Sandvíkina og söluverðið að mestu miðast við hæfilegt úreldingarverð. Hann kvað þó aldrei hafa verið sótt um úreldingu fyrir bátinn, og hefðu stefndu boðið í bátinn, eftir að Arnar hafði talað nokkrum sinnum við sig, og haft frumkvæði um kaupin. Hann kvað stefndu ekki hafa farið fram á, að annað fylgdi en togbúnaður, enda hefði báturinn aldrei verið notaður af þeim til línuveiða. Óskar kvað þá Guðmund Sævar hafa verið í útgerð frá árinu 1976 og aðallega stundað neta-, línu- og togveiðar. Hann kvað bátinn hafa verið seldan með veiðileyfi, en ekkert verið rætt um aflareynslu, er gengið var frá kaupunum. Hefði skipasaliinn verið bókhaldari hjá stefnendum og áður séð um sölu á bát fyrir þá. Hann kvað þá hafa haldið nýja bátnum, sem þeir keyptu af Olíuverslun Íslands hf. og Lífeyrissjóði Vestfjarða, til línuveiða, og á þann bát hafi þeim verið úthlutað að aflaheimild vegna afnáms línutvöföldunar og hún byggst á fyrri aflareynslu bátsins, en bátinn hafi þeir keypt með öllum heimildum. Hann kvað þá hafa fengið úthlutað aflaheimildum út á þennan bát úr Jöfnunarsjóði sjávarútvegsins, en ekki út á Sandvíkina. Hann kvað fyrri eigendur nýja bátsins ekki hafa gert kröfu um, að stefnendur skiluðu aflaheimildum, sem þeir fengu út á bátinn við afnám línutvöföldunarinnar. Hann kannaðist ekki við, að á þeim tíma, er gengið var frá kaupunum, hefði verið mikil umræða um afnám línutvöföldunar, þó verið einhverjar umræður um það, en hann þó ekkert botnað í þeim. Alltaf hefðu verið að koma nýjar og nýjar tillögur og sífelldar breytingar verið í umræðunni, en samt alltaf verið miðað við, að aflareynsla fyrri tíma yrði metin við breytingu á kerfinu. Hann hefði verið í LÍÚ, en lítið sótt þar fundi.

Arnar Kristjánsson kvaðst ásamt Gísla Jóni hafa verið í eigin útgerð frá árinu 1984 og þeir verið á línu- og netaveiðum og svo rækjuveiðum, dragnótaveiðum.

Honum var kunnugt um reglur og lög um stjórnun fiskveiða. Hann hafði orðið var við umræður um afnám línutvöföldunar. Hins vegar hefðu í tíma og ótíma verið gerðar breytingar á lögum um stjórnun fiskveiða og hann því ekki haft þetta sérstaklega í huga við kaupin, en samt ekki búist við, að til afnáms kæmi í bráð. Það hefði ekki komið til greina hjá sér. Arnar kvað aðdraganda að kaupum að Sandvíkinni hafa verið þann, að þeir Gísli Jón hefðu viljað minnka við sig eða vera jafnvel á tveimur minni bátum, og því

hefði hann farið að leita að heppilegum bát. Hann hefði frétt af því, að stefnendur væru að leita að stærri bát og vildu úrelða bátinn, sem þeir áttu fyrir, þ. e. mb. Sandvík. Hann hefði átt nokkur samtöl við Þorstein Óskarsson, sem talað hefði um að úrelða bátinn, en ætlað að taka af honum búnað til línu- og netaveiða og jafnvel vélina. Hann kvað þá stefndu hafa átt allan búnað til neta- og línuveiða, svo að ekki hefði skipt máli fyrir þá, þó að þessum búnaði væri haldið eftir.

Hann kvað stefnendur hafa séð að öllu leyti um samningsgerð vegna sölu á bátnum Sandvík, og hefðu þeir fengið Halldór Halldórsson til þess, sem setti þetta upp. Arnar hefði ekki gert athugasemdir við samningsgerðina og hefði ekki fengið sérfræðilega aðstoð vegna hennar. Hann kvað Sandvíkina hafa verið hugsaða til allra almennra veiða, en á þessum tíma hefði hann gert út á rækju, og því hefði báturinn farið á rækjuveiðar, en fyrir tveimur árum hafi hann verið með bát á línuveiðum. Hann kvað við kaupin hafa verið gert ráð fyrir, að veiðileyfi fylgdi með bátnum, en ekkert verið rætt um aflareynslu og ekki heldur um að setja í kaupsamning fyrirvara né í afsal um óúthlutaða aflahlutdeild vegna fyrri aflareynslu. Hann hefði sjálfur selt bát áður, og í kaupsamningi um þá sölu hefði ekkert ákvæði verið um aflareynslu.

Pétur Örn staðfesti matsgerð sína, skýrði, við hvað hann miðaði, og lýsti reynslu sinni af kvótamálum.

Vitnið Halldór Halldórsson kvaðst hafa séð um bókhald fyrir stefnendur, en þekkt báða málsaðila. Hann kvaðst ekki vera skyldur stefnendum né í sérstökum persónulegum vinskapi við þá. Hann hefði ekki áður gert samning um skip, heldur aðallega haft reynslu af sölu á trillubátum og fasteignum. Hann hefði unnið við fasteignasöluna Hátún og rekið fasteigna- og skipasölu í Grindavík með Ásgeiri Jónssyni hdl. og taldi, þó að hann hefði gengið frá kaupsamningi, að verið gæti, að Ásgeir hefði gengið frá afsali. Hann kvað Þorstein hafa haft samband við sig vegna sölu á Sandvík um að annast samningsgerð, en þá hefðu þeir komist að munnlegu samkomulagi um verð o. fl. Hann kvað Þorstein einungis hafa ætlað að selja skipið, en verið með væntingar um að eignast annað, sem allar veiðiheimildir mb. Sandvíkur skyldu fluttar yfir á. Hann vissi ekki, hvernig kaupverðið á bátinum var fundið, en kvaðst hafa stillt samningnum upp í samvinnu við Þorstein, þ. á m. um lagatiltvitnanir, en kvaðst hafa verið lítið kunnugur lögum um framsal aflaheimilda, en þó hafa séð lögin um stjórnun fiskveiða.

Hann kvað afnám línutvöföldunar ekki hafa komið til tals við samningsgerðina í mars 1995, en þó sé til þess að líta, að á þessum tíma hafi hann sem endurskoðandi verið mjög önnum kafinn vegna skattframtala o. fl.

Hann kvað ekki hafa verið rätt við samningsgerðina um aflahlutdeild miðað við aflaareynslu og hvar hún skyldi falla. Hann sagði, að ef hann hefði gert sér grein fyrir, að línutvöföldun yrði af lögð og aflahlutdeild kæmi í staðinn, hefði það verið tekið fram í samningnum og þá, að þessi væntanlega aflahlutdeild fylgdi ekki með í kaupunum. Hann kvað kaupsamning ekki nægilega vel gerðan að því leyti, að þar sé ekki getið um, að veiðileyfi fyrir bátinn fylgdi með í kaupunum.

Álit réttarins.

Ljóst er, að er stefnendur málsins seldu bát sinn, Sandvík, GK-325, höfðu þeir gert hann um nokkurt skeið út á línu- og netaveiðar og höfðu til þess aflaheimildir. Stefndu höfðu þá aðallega stundað rækjuveiðar á bátnum Kolbrúnu, ÍS-74, sem þeir seldu, og hníga gögn málsins fremur að því, að þeir hafi keypt bátinn Sandvík, GK-325, til að nota hann við sams konar veiðar. Var hann og eftir kaupin gerður út á sams konar veiðar, og er ekki fram komið í málinu eða upplýst, að stefndu hafi, frá því að þeir fengu bátinn og þar til ljóst varð, að línutvöföldun yrði afnumin, gert hann út á línuveiðar eða fengið aflaheimildir á bátinn til að stunda þær veiðar. Í kaupsamningi milli aðila um kaup stefndu á bátnum Sandvík, GK-325, er skýrt tekið fram, að engar veiðiheimildir fylgi með í kaupunum, en þar er þó gert ráð fyrir, að stefndu skuldbindi sig til að færa á bátinn veiðiheimildir, svo að Fiskveiðasjóður samþykkti yfirtöku áhvílandi lána, en til þess muni hafa nægt, að stefndu færðu á bátinn veiðiheimildir til rækjuveiða. Verður því að skilja samninginn svo, að með bátnum hafi fylgt almennt veiðileyfi til fiskveiða í atvinnuskyni í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Hér er samt ekki til umfjöllunar nein takmörkun né rýmkun á þessu leyfi.

Ákvæði 6. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990 um, að fiskur, veiddur á línu í mánudunum nóvember-febrúar ár hvert, skuli aðeins að hálfu talinn til aflamarks hlutaðeigandi báts, þar til sameiginlegum línuafla að ákveðnum tonnafjölda er náð, tekur einungis til veiða báta með aflaheimildir til línuveiða, en engan veginn til báta með almennt veiðileyfi eða með aðrar veiðiheimildir.

Kemur þetta og ljóslega fram í bráðabirgðaákvæði laganna um sama efni, en þar er getið um, að úthluta skuli sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr., sem ekki nýtist við línuveiðar í nóvember til febrúar. Skuli þessum aflaheimildum úthlutað í samræmi við reglur 2. og 3. mgr. ákvæðisins, eftir því sem við eigi, og skuli í þeim efnum miðað við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995. Af þessu má ráða, að sú aflaaukning, sem getur fylgt línutvöfölduninni, er eingöngu ætl-

uð bátum með aflahlutdeild til línuveiða og miðast við aflahlutdeild einstakra báta, og er ekki gert ráð fyrir, að bátur með almennt veiðileyfi eða aðrar veiðiheimildir njóti góðs af.

Framsal fiskveiðiréttinda er heimilt skv. lögum nr. 38/1990 með áorðnum breytingum, og var stefnendum því heimilt að undanskilja í sölnunni veiðiheimildir, sem fylgdu bátnum, í því skyni að færa þær á annan eða aðra báta, og liggur fyrir í málinu, að aflaheimildirnar, sem fylgdu bátnum Sandvík, GK-325, fluttu þeir yfir á bátinn Tálkna, GK-540, sem síðar hlaut nafnið Sandvík, GK-325.

Það er mat réttarins, að í aflahlutdeild bátsins Sandvíkur, GK-325, hafi verið fólgin þau fiskveiðiréttindi og aflaaukning, sem leiddi af reglum um línutvöföldun, og stefnendur undanskilið þessi réttindi við sölu bátsins.

Notuðu þeir þessar aflaheimildir til línuveiða á bátnum Tálkna, GK-540, og hafa því notið áfram þeirrar rýmkunar á aflaheimildunum, sem fylgdi línutvöfölduninni. Þegar bátnum Sandvík, GK-325, áður Tálkna, GK-540, var úthlutað viðbótaraflahlutdeild við afnám línutvöföldunar, hefði verið eðlilegast, að hún hefði verið miðuð við aflahlutdeild og afla bátsins fiskveiðiárið 1995–1996, en línuaflí og aflahlutdeild Kolbrúnar, áður Sandvíkur, GK-325, verið höfð til hliðsjónar vegna fiskveiðiáranna 1993/1994 og 1994/1995, þar eð aflahlutdeildin, sem var skilyrði aukins afla vegna línutvöföldunar, hafði verið undanskilin í kaupsamningi aðila.

Fallast má á, að ekki hafi verið gætt réttar viðmiðunar, þegar gengið var frá úthlutun á viðbótaraflahlutdeild til Kolbrúnar, ÍS-74, og kunni því að hafa fallið til stefndu eitthvað af þeirri viðbótaraflahlutdeild, sem stefnendur áttu rétt á. Eins og rakið er að framan, verður að telja, að við úthlutun viðbótaraflahlutdeildar til báts stefnenda, Sandvíkur, GK-325 (áður Tálkna, GK-540), hafi að fullu verið tekið tillit til aflahlutdeildar og aflareynslu vegna veiðiársins 1995/1996. Til þess að unnt sé að leggja mat á kröfur stefnenda, þarf upplýsingar um viðbótaraflahlutdeild, sem bát þessum var úthlutað við afnám línutvöföldunar, hvernig hún var fundin, og útreikninga um, hverju það hefði munað í viðmiðuninni, ef aflahlutdeild og línuaflí bátsins Kolbrúnar, ÍS-74 (áður Sandvík, GK-325), veiðiárin 1993/1994 og 1994/1995 hefðu verið tekin með sem tilheyrandi bátnum Sandvík, GK-325 (áður Tálkni, GK-540), en þá ber að hafa hliðsjón af tveimur bestu veiðiárunum af þremur.

Eins og málið liggur nú fyrir, eru ekki skilyrði til að fjalla um fjárkröfur stefnenda án frekari gagna, og verður því að svo stöddu að vísa málinu frá dómi án kröfu vegna vanreifunar.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveður upp Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er án kröfu vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
